

Selur fisk og rekur fótþolið

Samúel Samúelsson, framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Vestfjarða er Vestfirðingur vikunnar að þessu sinni. Hann segist vera frekur en skemmtilegur.

— sjá bls. 10



Rannsakar viðhorf bæjarbúa til skemmtiferðaskipa

Megan Anne O'Brien er fædd og uppalin í Milwaukee í Wisconsin í Bandaríkjunum. Hú stundar nám í haf- og strandveiðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða þar sem lokaverkefni hennar er að kanna hvort takmörk séu á fjölda skemmtiferðaskipa sem Ísafjarðarbær geti tekið að sér á hverju sumri.



— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 19. september 2013 · 37. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Réttað í Bolungarvík

OPIÐ

virka daga

8-18

laugardaga

10-14

SMÍÐJAN

VERSLUN

SINDRAGÖTU 12

HANKOOK
driving emotion



I*PIKE W409

Frábært nagladekk fyrir íslenskar aðstæður.

Hankook fyrir allar gerðir ökutækja!

BÍLAVERIÐ ehf.

Sindragötu 14 · S: 456 3501

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Getur mjólkurvinnsla í Bolungarvík notið góðs af verðmiðlun?

Jón Bjarnason, fyrrv. landbúnaðarráðherra fjallar um mjólkurvinnslu á Vestfjörðum í pistli á vefsvæði sínu og tilraunir til að tryggja að hú fari fram innan svæðisins, þar á meðal með beitingu verðmiðlunargjalda til að styrkja mjólkurbúið á Ísafirði. Ekki varð erindi sem erfiði, og

mjólkurvinnsla á Ísafirði hefur lagst af. Aftur á móti er mjólkurvinnsla að hefjast í Bolungarvík, og Jón veltir því fyrir sér hvort ekki sé eðlilegt að verðmiðlunargjaldinu verði veitt til þeirrar vinnslu. Ákvörðun um úthlutun verðmiðlunargjalds er ákvörðun ráðherra, tekin að fengnum til-

lögum frá hagsmunaaðilum.

Í samtali við blaðamann sagði Jón að ráðherra bæri ekki að fara eftir þeim tillögum. Þetta staðfesti atvinnu- og nýsköpunaráðuneytið sem benti enn fremur á að greiðslur væru inntar afhendi til lögaðila, en ekki stakra vinnslustöðva, og því hefði ekki verið

unnt að skuldbinda greiðslur til MS við áframhaldandi rekstur á Ísafirði. Þar sem úthlutun gjaldsins er ákvörðun ráðherra hverju sinni lítur út fyrir að hafi mjólkurvinnslan Arna í Bolungarvík hug á að njóta góðs af miðlunargjaldinu sé nauðsynlegt að leita áheyrnar hjá ráðherra sjávarút-

vegs- og landbúnaðarmála, og fara í gegnum allt ferlið.

„Þetta er spurning um pólitískan vilja hjá ráðherra,“ sagði Jón Bjarnason. „Það er afskaplega mikilvægt að mjólkurvinnslan lendi ekki öll á einni hendi,“ sagði Jón.

– herbert@bb.is

Árgangur 1962 hittist á Ísafirði

Árgangur 1962 á Ísafirði kom saman um helgina. Ekki var um nein ákveðin tímamót að ræða hjá hópnum, heldur langaði þeim til að hittast. „Það var nú svo sem ekkert afmæli. Það voru bara allir svo uppteknir í fyrra en þá var fimmtugsafmæli árgangsins. Við höfum ekki verið nógu dugleg að hittast og ákváðum því að drífa í því,“ segir Ingibjörg Snorradóttir Hagalín á Ísafirði. Hópurinn byrjaði á sögugöngu um bæinn með Sigurði Péturssyni, en daginn eftir var haldið í skoðunarferð út í Bolungarvík þar sem Hálfán Óskarsson, einn úr hópnum, vann að því að koma mjólkurvinnslu á fót. „Þetta var gaman,“ segir Ingibjörg. „Og gaman að það væru þó þetta margir sem skyldu mæta.“

– herbert@bb.is



Auglýsing um skipulagsmál í Súðavíkurhreppi

Tillaga að deiliskipulagi á Langeyri í Súðavíkurhreppi.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi þann 30. maí 2013 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Langeyri skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í tillögunni felst:

Að stækka skipulagssvæðið, breyta byggingarreit á reit I-1, skilgreina geymslusvæði fyrir stór farartæki og vinnuvélar og breyta kvöðum á reit I-5. Tillögurnar ásamt greinargerðum verða til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 1-3, Súðavík, virka dag frá kl. 10:00-12:00 og frá 13:00-15:00 frá og með 23. september til 4. nóvember 2013.

Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu Súðavíkurhrepps, www.sudavik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 8. nóvember 2013.

Athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu vera skriflegar og berast til skrifstofu Súðavíkurhrepps Grundarstræti 1-3, 420 Súðavík.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillögurnar.

F.h. Súðavíkurhrepps
Árni Traustason,
skipulagsfulltrúi Súðavíkurhrepps.



Hluti af árgangi 1962 á Ísafirði.

Grundarstræti kaupir lagerinn

Grundarstræti ehf., eigandi Álftavers, húsnæðisins sem hýsti matvöruverslunina Víkurbúðina og veitingastaðinn Jón Indíafara í Súðavík, hefur náð samkomulagi við Landsbanka Íslands um kaup á lager félagsins sem bankinn hafði veð í. Að sögn Ómars Más Jónssonar, sveitarstjóra og stjórnarformanns Grundarstrætis ehf., á félagið matvörlager, allar innréttingar og tæki og áhöld sem þarf til að starfrækja matvöruverslun og veitingastað. Eins og greint hefur verið frá lokaði verslunin og veitingastaðurinn 2. sept-

ember síðastliðinn vegna rekstrarörðugleika.

„Stjórn Grundarstrætis ehf. óskar nú eftir rekstraraðila til að opna og starfrækja matvöruverslun í Álftaveri eins og verið hefur og jafnframt stendur til boða þjónustusamningur við Súðavíkurhrepp um að þjónusta skólamötuneyti Súðavíkurskóla. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu og þekkingu á sambærilegum rekstri. Áhugasamir geta haft samband við mig í 450 5900 eða netfangið omar@sudavik.is,“ segir Ómar Már.

Rekstur mótuneytis

Rekstrarnefnd Stjórnsýsluhússins á Ísafirði óskar eftir rekstraraðila til að reka mótuneyti á 4. hæð Stjórnsýsluhússins. Um er að ræða mat í hádeginu alla virka daga.

Í húsinu starfa ca. 70 manns. Rekstraraðila verður tryggður viss fjöldi á degi hverjum.

Vinsamlegast hafið samband fyrir 25. sept. 2013. Nánari upplýsingar veitir Óli M. Lúðvíksson í síma 897 3733.

Úr heilsubrunni íslenskrar náttúru



Sæktu styrk í íslenska náttúru



SagaPro
færri salernisferðir



SagaMemo
fyrir minnið



Angelica
fyrir aukna orku



Voxis
fyrir sáran háls

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Herbert Snorrason, 846-3971, herbert@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðunum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Standa verður vaktina

Skjótt skipast veður í lofti. Vart á það við um framvindu mála á Vestfjörðum síðustu áratugina. Af fyrirsögnum greina byggðum á hringborðsumræðu sexmenninga að vestan: Andreu K. Jónsdóttur, sveitarstjóra Strandabyggðar, Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Einars S. Ólafssonar, framkv.stj. Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum, Elíasar Jónatanssonar, bæjarstjóra í Bolungarvík, Friðbjargar Matthíasdóttur, forseta bæjarstjórnar Vesturbyggðar og Indriða Indriðasonar, sveitarstjóra Tálknafjarðar, í Morgunblaðinu á laugardaginn, verður þó ekki annað ályktað en mun betur horfi; Vestfirðingar sagðir ánægðir með lífsgæði sín, þótt vissulega megi ekkert út af bera, líkt og í heilbrigðisþjónustunni, sem alls staðar er í fjársvelt, og allt undir því komið, að ekkert bjáti á, Guð og lukkan ráði för, fólk veikist á réttum tíma og við hagstæð veðurskilyrði.

Allt er þetta framangreinda fólk gjörkunnugt vestfirskum aðstæðum, veit hvar skórinn kreppir að, hvar þörfin er brýnust. BB ætlar sér ekki þá dul að númera verkefni fram undan. Ætla má þó að heilbrigðis- og öldrunarþjónustan sé flestum ofarlega í huga. Ekki leikur vafi á að Háskólasætrið á Ísafirði hefur velt þungu hlasi, svo notað sé gamalkunnugt orðatiltæki, í góðri merkingu. Þá eru augljós margvísleg jákvæð áhrif framhaldsskóladeildanna á Patreksfirði og Hólmavík. Aukið framboð á menntun heima í héraði verður aldrei ofmetið.

Bæjarins besta hefur lengi klifað á því sem það hefur kallað stólpana þrjá, sem undirstöðu framfara og eflingu byggðar á Vestfjörðum: atvinna – raforka – samgöngur. Í fyrsta lagi fjölgun atvinnutækifæra, stórra sem smárra. Fiskeldið lofar góðu. Það verður að lukkast. Sérhvert misstig getur orðið dýrkeypt. Raforkan er í molum. Yfirlýsing forstjóra Landsnets um að straumleysi sé mest á Vestfjörðum á öllu starfssvæði Landsnets, er staðfesting á ófremdarástandinu, sem ríkt hefur í þessum efnun í áratugi. Samgöngur. Hugmynd Daníels Jakobssonar um hringveg á Vestfjörðum er, eins og BB hefur áður sagt, krafa um að Vestfirðingar njóti sama réttar og aðrir landsmenn, að vegir á Vestfjörðum tilheyri þjóðvegakerfinu.

Vissulega horfir margt til bóta og sitthvað er í gangi. Hvað sem því líður verður að standa vaktina, sem aldrei fyrr. s.h.

Spurning vikunnar

Lætur þú fé af hendi rakna til góðgerðarmála?

Alls svöruðu 435.

Já sögðu 373 eða 86%

Nei sögðu 62 eða 14%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Frá Drangajökli.

Vinna að veðurfarsrannsóknnum á Drangajökli

Áslaug Geirsdóttir, prófessor við jarðvísindadeild Háskóla Íslands, vinnur nú ásamt kollega sínum frá University of Colorado í Boulder, að rannsóknum á Drangajökli, en við rannsóknirnar styðjast þau við þyrlu til flutninga um jökulinn. Megin viðfangsefni þeirra er athugun á setlögum í botni Ljótavats og Fjallkonuvatns, en til stendur að taka borkjarna úr vötnum ef aðstæður leyfa. Til að mæla þykkt setlaganna er notast við sérstakan búnað sem mælir mun á endurvarpi hljóðs í gegnum setið. Áður

hefur verið tekinn borkjarni úr Tröllkonuvatni, og þótti hann gefa tilefni til frekari rannsókna.

„Við gerum okkur vonir um að geta svarað nokkrum spurningum um Drangajökull, meðal annars hvað hann er gamall,“ segir Áslaug, en hún segir að áhugi þeirra á jöklinum helgist ekki síst af því að hegðun hans er frábregðin hegðun annarra jökla á landinu. „Við höfum unnið sambærilegar rannsóknir í Langjökli, og viljum gera samanburðarrannsóknir hér.“ Auk veðurfarsrannsóknarinnar er jaðar

jökulsins kannaður í leit að gróðri sem kynni að hafa varðveist í frosti, en hægt er að rekja að nokkru leyti hversu lengi jökullinn hefur verið til staðar með því að aldursgreina gróður sem varð undir jöklinum þegar hann myndaðist.

Borkjarnar úr Drangajökli geta gefið betri mynd af veðurfari á svæðinu í mikilli forneskju en við höfum hingað til haft. „Við ættum að geta fengið upplýsingar um veðurfar héraðs í kring síðustu þúsund árin - ef jökullinn hefur verið hér svo lengi,“ segir Áslaug. – herbert@bb.is

Ekki gert að sæta geðrannsókn

Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Vestfjarða frá 3. september þess efnis að kona sem grunuð er í tveimur saka-málum, báðum frá 2012, þurfi ekki að sæta geðrannsókn. Henni er gefið að sök að hafa reynt að stinga mann með skærum og hnífi. Þegar lögreglumenn höfðu afskipti af henni veittist konan að lögreglunni með sömu vopnum. Þá er hún sökuð um brot gegn valdstjórninni, en hún er grunuð um að hafa hótad lögreglumönnum í nóvember í fyrra. Bæði Hæstiréttur og héraðsdómur telja að að háttsemi konunnar megi rekja til vímuástands hennar.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum gerði kröfu um að konan sætti geðrannsókn og að dómkvaddur geðlæknir færi með rannsóknina. Konan hefur áður undirgengist slíkt, en í janúar 2011 var henni gert að gera það að kröfu ákærvald og því á þriðja á liðið frá því. Lára Björgvinsdóttir geðlæknir, dómkvaddur matsmaður, taldi þá að konan væri sakhæf og gæti tekið út refsingu. Í niður-

stöðum Lára sagði meðal annars að konan hefði engin merki um sturlun, geðrof né rugl og ekkert bendi til þess að hún hafi verið í slíku ástandi þegar meint brot var framið. Lára sagði erfitt að meta grunnpersónuleika hennar vegna langvarandi neyslu og þunglyndis en ekkert bendir til alvarlegrar persónuleikaröskunar, heilaskaða eða greindar-

skorts sem eru af þeirri gráðu að þau firri hana ábyrgð gerða sinna.

Taldi dómari Héraðsdóms Vestfjarða að ekkert hefði breyst í málum konunnar eða ástandi hennar á því tímabili sem hefur liðið frá umræddu geðmat. Hann hafnaði því kröfu lögreglustjórans. Lögreglustjóri skaut málinu til Hæstaréttar 5. september þar var úrskurðurinn staðfestur.

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA

Háls-, nef- og eyrna-læknir á Ísafirði

Ólafur Guðmundsson, háld-, nef- og eyrna-læknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 25.-27. september.

Tímápananir í síma 450 4500 alla virka daga frá kl. 08:00-16:00.



NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

NÝ SLÁTRAD

FERSKUR HÁLFUR LAMBAHRYGGUR LUNDAÞARTURINN

1998
krónur kg

ISLANDS LAMB

NÝ SLÁTRAD

FERSKT LAMBALÆRI

1479
krónur kg

ISLANDS LAMB

Ali

ALI FERSKUR GRISABOGUR

695
krónur kg

HAUST SLÁTRUN 2012

K.S. FROSIÐ 1. FL LAMBASÚPUKJÖT

798
krónur kg.

ISLANDSLAMB FERSKT KINDAFILLET

1998
krónur kg.

TAKMARKAÐ MAGN

ISLANDS LAMB

SS FROSIÐ LAMBALÆRI

HAUST SLÁTRUN 2012

1198
krónur kg

SS

KJARNAFÆÐI

KJÖTFARS
Hjúkumént þetta heima!

KJARNAFÆÐI

KJÖTFARS
Hjúkumént þetta heima!

KJARNAFÆÐI

KJÖTFARS
Hjúkumént þetta heima!

ISLANDSLAMB FERSKAR KINDALUNDIR

1998
krónur kg.

TAKMARKAÐ MAGN

ISLANDS LAMB

NAUTA Veisla

FERSKT NAUTGRIPA HAKK

1298
krónur kg.

FERSKT 100% NAUTGRIPAHAKK

ISLANDSLAMB FERSKAR LAMBALÆRISNEIÐAR Í RASPI

1798
krónur kg

SLÁTRUN 2012

FERSKAR LAMBALÆRISNEIÐAR Í RASPI

Lifurpylsa Sök

AÐEINS 498 kr.kg

1185
krónur 2.38 kg

FROSIÐ ÓSOÐIN LIFRARPÝLSA 2.38 KG.

FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB

KJARNAFÆÐI

1398
krónur kg

259
kr. 620gr

NÝTT FERSKT KJÖTFARS



Réttað í Bolungarvík

Fjárréttir voru í Bolungarvík á laugardag, bæði í Syðridal og að Minni-Hlíð. Ríflega þúsund fjár er á svæðinu og gekk því smalamennskan vel. Ágætis veður var á laugardag en fremur kalt en það virtist ekki hafa áhrif á fjölda fólks sem mætti til að fylgjast með réttunum. „Þetta er ekki orðið neitt neitt, frá því sem áður var,“ segir Finnbogi um fjöldann, en búskapur hefur dregist mjög saman í Bolungarvík, líkt og víðar á Vestfjörðum. Ljósmyndari blaðsins var á staðnum og tók meðfylgjandi myndir af mannlífinu í réttunum.



Lýsing fyrir gerð deiliskipulags í Reykjanesi í Súðavíkurbæ

Sveitarstjórn Súðavíkurbæ hefur samþykkt lýsingu fyrir gerð deiliskipulags í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið deiliskipulagsins er að auka möguleika á nýtingu Reykjanes á sjálfbærán hátt auk verndunar á náttúru svæðisins. Lögð er áhersla á aukinn möguleika til atvinnuuppbyggingar sem og aðgengi almennings að náttúru svæðisins.

Nokkur byggð er á svæðinu og er þar rekin ferðaþjónusta og matvælaframleiðsla. Þar er einnig sumarhús, sundlaug, lendingarstaður, virkjun og bryggja. Svæðið er ríkt af menningarminjum og er einnig á náttúruminjasrá. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Lýsingin er á heimasíðu Súðavíkurbæ, www.sudavik.is.

Ábendingar varðandi tillögugerðina skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa fyrir 2. október 2013 á heimilisfangið Grundarstræti 3, 420 Súðavík eða á netfangið sudavik@sudavik.is.

Skipulagsfulltrúi Súðavíkurbæ.



NÝR ÍSLANDSVINUR!

DACIA DUSTER bsk.
ALVÖRU 4x4 DÍSIL SPORTJEPPI á frábæru verði



Kr. 3.990 þús.
DÍSIL **5,3L**/100 KM*

Lykillinn að vinsældum Dacia í Evrópu er einfaldur: rúmgóður og áreiðanlegur bíll á góðu verði. En hvernig er hægt að bjóða svona veglegan bíl á svona hagstæðu verði? Jú með því láta einskis ófreistað við að einfalda alla hönnun eins mikið og hægt er án þess að gefa eftir í gæðum og staðalbúnaði.

Þrátt fyrir ólíkar langanir og óskir gerum við svipaðar grunnkröfur til bíla og það er einfaldlega haft að leiðarljósi við hönnun Dacia. Við smíði Dacia Duster er auk þess notast við íhluti sem hafa verið reyndir í öðrum bílum sem Nissan/Renault samsteypan framleiðir og reynst hafa vel auk þess sem reynt er að lágmarka tæknibúnað við það sem talið getur nauðsynlegt að bjóða.

Dacia bílar eru einfaldir að allri gerð og hagkvæmir í rekstri og af þeim sökum **völdu þýskir bíleigendur Dacia næst vinsælasta framleiðandann á eftir Audi og á undan Mercedes-Benz í könnun J.D. Power Customer Satisfaction fyrir árið 2010.**

Nánari upplýsingar í síma 525 8000 eða með tölvupósti á dacia@dacia.is



www.dacia.is
www.facebook.com/dacia.is

BL ehf / Sævarhöfða 2
110 Reykjavík / Sími 525 8000



*Eldneitsnotkun í blönduðum akstri upp gefið frá framleiðanda.

Vilja gista hjá bæjarfulltrúum

Sendinefnd frá Kaufering í Bæjaralandi í Þýskalandi hefur boðað komu sína til Ísafjarðarbæjar dagana 8.-11. nóvember nk. Hálfðán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar, vinnur að skipulagningu dag-skrár fyrir nefndina sem telur átta manns ásamt Antje Bommel sem er frá Kaufering. Hún hefur beitt sér fyrir myndun vinabæjar-sambands milli sveitarfélaganna. Í bréfi sem hún sendi bæjaryfir-völdum í Ísafjarðarbæ, lýsti hún hvernig hún heillaðist af landi og þjóð og sér í lagi af Vestfjörðum. Antje kom fyrst til landsins fyrir fjórum árum og fyrst til Vestfjarða fyrir tveimur árum. Fyrir tveimur árum fór hún með Þórði á Laugalandi í hestaferð um Snæfjallaströnd, Jökulfirði og Strandir og að Drangajökli. Í fyrra kom hún aftur og dvaldi þá á Ísafirði og upp frá því hóf hún skipulagningu á samtengingu sveitarfélaganna tveggja, sem hún telur vera um margt líkír þrátt



Kaufering í Bæjaralandi í Þýskalandi.

fyrir að Kaufering sé töluvert stærri. Áhugi er fyrir því meðal sendinefndarinnar að fá að gista heima hjá bæjarfulltrúum og embættismönnum bæjarins í þrjár nætur.

Í þýsku sendinefndinni eru Erich Püttner, bæjarstjóri í Kaufering, Anke Schupp atvinnusögumaður og menningarstjóri, Gaby Hunger bæjarfulltrúi og viðskiptakona, Ludwig Pertl skógar-

vörður, Renate Pertl nefndarmaður í sóknarnefnd mótmælendakirkju Kaufering, Maximilian Handke háskólanemi og fulltrúi ungmennaráðs Kaufering, Heinrich Höge eldri borgari og Antje Bommel þýðandi.

Hugmyndin er að hópurnin skoði það sem þykir markverðast í bæjarfélaginu en einbeiti sér þó mest að mannlífi, menningu og atvinnulífi og möguleika á sam-

starfi ýmissa félagasamtaka í bæjunum tveimur. Þannig mun hluti hópsins hitta forystumenn í menningar- og atvinnulífi s.s. fulltrúa kóra, félaga eldri borgara, ungmenni, skógræktarfrömuði og aðra sem gætu komið að vinabæjarsamkiptum í framtíðinni.

Á fundi bæjarráðs voru bæjarfulltrúar upplýstir um komandi heimsókn og þess farið leit á leit

við bæjarráð að það hugleiði mögulega gistingu fyrir fólkið og athugi hvaða bæjarfulltrúar og embættismenn gætu mögulega tekið á móti gestum í nóvember. Kaufering er 10.000 manna bær milli München og Augsburg, sunnarlega í Þýskalandi, sem býr yfir sterkri íþrótt- og söngmenningu. Hann hefur í gegnum tíðina lagt ríka áherslu á að ná saman við önnur sveitarfélög.

smáar

Öll meðferð skotvopna er bönnuð í Laugardal í Ísafjarðardjúpi. Eigendur á Hrafnabjörgum og Laugabóli.

Til leigu er nýuppgerð 2ja herb. 55m² íbúð á Ísafirði í vetur. Sól-pallur. Ný husgögn leigjast með. Upplýsingar í síma 867 6657 og 892 9282.

Til leigu er 4ra herb. íbúð á 3. hæð að Fjarðarstræti 57 á Ísafirði. Nánari uppl. í síma 868 8458 eða 456 4073.

Vestfirðir vannýttasta ferðamannasvæðið

Skýrsla um íslenska ferðapjónustu, tækifærin sem í henni felast og leiðir fyrir Íslendinga til að nýta sér þau tækifæri, var birt í síðustu viku. Skýrslan var unnin af óháðu ráðgjafarfyrirtæki, The Boston Consulting Group, fyrir hóp íslenskra fyrirtækja, en í hópnum voru meðal annars Icelandair Group, Isavia, Bláa Lónið og Bílaleiga Akureyrar. Í skýrslunni er farið yfir ýmis atriði sem

tengjast ferðapjónustu og hafa verið í umræðunni, en meðal þess sem kemur fram í skýrslunni er gríðarleg vannýting þeirra tækifæra sem bjóðast á Vestfjörðum.

Samkvæmt gögnum skýrsluhöfunda, sem byggja á upplýsingum Ferðamálastofu og könnunum sem unnar voru fyrir skýrsluna af Capacent, er ferðamannastraumurinn langsamlega minnstur til Vestfjarða, en á

svæðið koma aðeins um 14% af erlendum ferðamönnum til landsins á sumrin - en eingöngu 5% yfir vetrartímann. Einnig kemur fram að 60% aðila í ferðapjónustu telji Vestfirði vera vannýtta sem áfangastað ferðamanna, sem er langsamlega hæst. Næst á eftir kemur Austurland, en um 30% aðspurðra telur Austurland van-
nýtt.

Í skýrslunni er farið yfir leiðir

til að byggja upp ferðamálakerfið á Íslandi, og er þar lögð áhersla á að einfalda stjórnerfið, en passa um leið að ákveðnum reglum sé framfylgt. Einnig er lagt til að markaðssetning Íslands verði miðuð að tilteknum markhópum, en meðal helstu gagnrýniatriða skýrslunnar er að markaðssetning Íslands út á við hafi ekki verið nógu markkviss.

— herbert@bb.is

Öryggi samfélagsins og fjárlagagatið

Alþingi hélt skyndifundi örfáa daga til þess að ljúka sumarþinginu. Bumbur hafa ekki verið barðar né eldar kveiktir á Austurvelli. Vonandi kemur ekki til slíkrar villimensku aftur. Þó erfiðleikar herji á er ekki sæmami sæmilega síðuðu samfélagi, hvað þá samfélagi sem vill telja sig í fremstu röð, að gera slíkt. Skaddaðir lögreglumenn úr byltingunni er kom Vinstri grænum til valda með Samfylkinguna í farteskinu, eru því miður flestum gleymdir. Sama er um alþingismenn sem lágu undir grun um að hafa stutt að byltingunni. Því miður tókst fyrstu hreinu vinstri stjórninni ekki ætlan sín, að standa vörð um velferðarsamfélagið. Við ramman reip var að draga. Eignir föllnu bankana voru seldar útlendum vogunarsjóðum og fátt ef nokkuð sem máli skipti uppi á borðum. Vilji þessarar hreinu vinstri stjórnar, eða kannski óhreinu þegar allt var skoðað, stóð til þess að semja Ísland og íslenska skattgreiðendur undir afarkosti í Icesavemálinu. Það tókst ekki. Þjóðin tók af hreinu vinstri stjórninni völdin. Skorið var niður á fjárlögum þegar kom að grunnþáttum þjóðfélagsins, lögreglu, heilbrigðiskerfinu og menntun. Reistir voru minnisvarðar, tónlistarhallir, Harpa og Hof og umboðsmaður skuldara settur á fót. Sá lét lítt til sín taka fyrr en um daginn með grein í Fréttablaðinu um gagnsemi stofnunar sinnar. Fjárlagagatið stendur enn opið eftir fjögurra ára „hreina“ vinstri stjórn. Menningin lifir, en grunnurinn

kyrkist.

Stjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokka lofaði miklu. Erfitt verður að efna allt. Almennur hefur haldið að sér höndum í nærri hálf tít, bíður enn efndra loforða. Á hverju ríður mest nú? Standa þarf vörð um grunnþjónustuna. Styrkja verður heilbrigðisþjónustu. Ekki gengur að Landspítalinn sé svo laskaður að honum sé gert ókleift að standa undir lögbundnum skyldum. Það er enn brýnna þegar konur af landsbyggðinni verða yfirgefa fjölskyldu, þar með talið börn sín, til þess að eiga kost á fæðingarþjónustu, sem dregst æ meir til Reykjavíkur. Til er orðið nýtt hugtak, þjóðvegabörn, yfir þau sem fæðast á vegum úti hvort heldur er í sjúkrahúsum eða fjölskyldubílum. Í því ljósi ætti að skoða framtíð Reykjavíkurflugvallar. Eru ófædd börn foreldra búandi á landsbyggðinni annars flokks börn? Lögregluna verður að styrkja. Í stórum héraðum skreppa lögreglulið saman vegna skertra framlaga af fjárlögum. Það er ófært jafnvel þótt spilað sé undir af glæsibrag í Hörpu eða Hofi. Spiliríð hjálpar skólakerfinu ekki mjög. Menning er góð, en grunnurinn er lagður með menntun ungmenna.

Forgangsröðun fjárlaga, sem gætu orðið með 30 milljarða króna halla, verður að taka mið af grunnþáttum, einkum öryggi hins almenna borgara. Alþingi er í sporum skuldugs heimilis, er á engan umboðsmann og verður að skera niður bíóferðir og annan lúxus. Ekki er það flókið.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak-
ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



VIÐ ERUM WÜRTH

Guðmundur Hjaltason
Nýr söluráðgjafi á Vestfjörðum

 **WÜRTH**
www.wurth.is

Vesturhraun 5, Garðabæ

Mán.-fös.: 08:00–17:00

Sími: 530 2000

Bíldshöfði 16, Reykjavík

Mán.-fim.: 08:00–18:00

Föstudaga: 08:00–17:00

Laugardag: 10:00–14:00

Sími: 530 2002

Freyjunes 4, Akureyri

Mán.-fös.: 08:00–12:00 | 13:00–17:00

Sími: 461 4800

Hvað ertu að gera þessa dagana?

Selja fisk og reka fótbolta-lið.

Hvaða fjögur orð lýsa þér best?

Frekur, ópolinmóður, ákveðinn en samt hrikalega skemmtilegur.

Hvernig færðu útrás fyrir gremju?

Hreyfi mig.

Í hvernig klæðnaði líður þér best?

Það fer bara eftir aðstæðum.

Hver er mesta eftirsjá þín í lífinu?

Ég hef tekið nokkrar slæmar ákvarðanir á lífsleiðinni.

Hver er óvenjulegasta lífsreynsla sem þú hefur lent í?

Ég bara veit það ekki?

Hefurðu komplexa?

Hvað er það?

Hver er besta kvikmynd allra tíma?

The Rock.

Hvernig Facebook-týpa ertu?

Léleg held ég, þar sem ég fer ekki mikið á Facebook.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Þegar hluturnir ganga ekki fyrir sig eins og ég vill að þeir gangi.

Hefur þú gert uppreisn?

Nei, en það gæti gerst ef fólk fer ekki að sýna áhugamálinu mínu meiri skilning.



Nafn:

Samúel Samúelsson

Aldur:

30

Aðvinna:

Framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs

Vestfjarða

Stjörnumerki:

Meyja

Maki:

Svala Sif Sigurgeirsdóttir

Börn:

Engin ennþá

Vestfirðingur vikunnar

er Samúel Samúelsson, framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Vestfjarða og stjórnarformaður BÍ/Bolungarvíkur

Hver er eftirlættis bókin þín?

Get ekki gert upp á milli þeirra tveggja bóka sem ég hef lesið gegnum ævina.

Áttu þér óuppfylltan draum?

Nokkra. Einn þeirra gæti ræst 21. september á Sauðárkróksvelli á 31. árs afmælinu mínu.

Hvernig bregstu við -?

Það fer eftir aðstæðum og hver og hverju er verið að hafna.

Hver er þín versta martröð?

Mig hefur dreymt um að

missa hárið og tennurnar og það var sko martröð!

Hvert er helsta takmark þitt í lífinu?

Að lifa góðu og hamingjusömu lífi með fjölskyldunni, hafa Svölu hamingjusama koma BÍ/Bolungarvík í deild þeirra bestu og standa mig vel í vinnunni minni.

Hvencær og hvar ertu hamingjusamastur?

A Tofnesvelli eftir góðan sigur!

Hver er besta setning eða

orðtak sem þú hefur heyrt?

Það er spurning?

Hvaða fræga persónu mundir þú vilja vera og af hverju?

Jose Mourinho, hann hefur allan pakkann og er sérstakur.

Hvar er fallegast á Vestfjörðum að þínu mati?

Súðavík klárlega!

Hvar er fallegast á landinu öllu (fyrir utan Vestfirði)?

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi.

Hvaða stað í heiminum langar þig til að helmsækja?

Ástralíu og Suður Afríku.

Ertu bjartsýn(n) á framtíð Vestfjarða?

Já, ég er það.

Hvað skortir á Vestfirði að þínu mati?

Yfirbyggð knattspyrnuhöll.

Hvernig hljóma síðustu SMS-skilaboð sem þú fékkst í símann þinn?

Auðkennisnúmerið thitt er: 10310.

Sælkeri vikunnar er Steinunn Guðmundsdóttir í Bolungarvík

Haustsúpa og saltfiskréttur

Ég hef mikið dálæti á alls konar grænmetisréttum og fiski. Deili því með ykkur góðri súpu og saltfiskrétti sem hefur slegið í gegn.

Haustsúpa

2 msk matarolía
1 rauðlaukur – saxaður
4 meðalstjórar kartöflur í bitum
1 gul paprika – skorin smátt
3 hvítlauksrif – marin
Þetta er allt hitað vel í olúnni ekki búna.

Þá er ca. 200 gr. blómkálsgreinar og 200 gr. strengja-
baunum blandað saman við.
Vatni hellt yfir, það á ekki að

fljóta yfir grænmetið – soðið um stund (ekki ofsjóða).

1 ds. kókosmjólk
2 tsk. grænmetis kraftur (gerlaus)
½ tsk. bragðmikið karrí
¼ tsk. paprikuduft
¼ tsk. cumin
¼ tsk. chilli
Þessu er blandað út í grænmetisblönduna og soðið saman.
Bragðbætt eftir smekk.
Borið fram með kókosflögum og góðu gerlausu brauði.

Saltfiskréttur

2 msk. olía
4 st. léttsaltaður fiskur
2 góðir gulir laukar, skornir í

þunna geira

Ca. 5 cm. engiferrót, skorin í mjóar ræmur
2 hvítlauksrif, skorin í mjóar ræmur
1 ds. kókosmjólk

Fiskurinn snöggsteiktur á pönnu, pannan verður að vera snarpheit þegar fiskurinn er settur á hana. Fiskurinn er ekki steiktur á roðhliðinni. Eftir steikingu er fiskurinn settur í eldfast mót og látinn bíða á meðan laukurinn er glæraður í olíu, engifer og hvítlauk blandað saman við og látið mykjast að síðustu er kókosmjólkinni blandað vel saman við. Hitað vel saman. Þessu er hellt yfir fiskinn í mótinu og hitað í gegn í ofni. Það er líka hægt að



setja fiskinn yfir lauk/kókosblönduna á pönnunni – mikilvægt að sjóða fiskinn ekki of mikið. Borið fram með góðum kartöfl-

um eða hrísgrjónum og hvítlauksbrauði.

Ég skora á Sigríði Ingu Elíasdóttur að vera næsti sælkeri.



Anna Jakóbína Hinriksdóttir og Halldóra Björk Norðdahl, eigendur Klæðakots.

Klæðakot opnar á nýjum stað

Halldóra Björk Norðdahl og Anna Jakóbína Hinriksdóttir fögnuðu á laugardag opnun verslunar sinnar, Klæðakots, á nýjum stað á Ísafirði. Verslunin er nú til húsa í Aðalstræti 27, þar sem undanfarið hefur verið minja-

gripaverslunin Víking. „Það komu hátt í 200 manns til okkar,“ sagði Halldóra, en til að fagna opnuninni var boðið upp á pönnukökur fyrsta daginn. „Þetta gekk bara rosalega vel, við vorum ofsalega ánægðar með daginn. Við

höfðum opið tveimur tímum lengur en við ætluðum vegna umferðarinnar.“

Halldóra segir að fólk hafi verið ánægt með bæði verslunina og vöruúrvalið, og segir að allt stefni í bjarta framtíð. Opnunar-

tími verslunarinnar verður lengdur eilíft á nýja staðnum, en opið verður frá 10-18 alla virka daga. Halldóra segir að upp úr standi hversu liðlegt fólk hafi verið: „Við eigum svo ótrúlega góða vini og fólk að.“ Hún vill sérstak-

lega koma á framfæri þökkum til þeirra sem veittu aðstoð. Í versluninni verður boðið upp á ýmsar vörur til hannyrða, en einnig stendur til að leigja út aðstöðu til saumavinnu.

– herbert@bb.is



**Háskóla-
setur
Vestfjarða
University Centre
of the Westfjords**

SJÁVARTENGÐ NÝSKÖPUN
Hagnýtt meistaranám

Hagnýtt einstaklingsmiðað meistaranám sem býr nemendur undir að skapa sér sín eigin atvinnutækifæri.

Sjávartengd nýsköpun er vítt skilgreind, enda á hún sér stað í fjölmörgum greinum: Sjávarútvegi og eldi, matvælaframleiðslu, í tækni- og orkugeiranum, en ekki síður í ferðamennsku, menningu og fleiru.

Kynningarfundir:
Ísafirði 20. september
Hólmavík 26. september
Patreksfirði 3. október

Að námi loknu eru nemendur vel í stakk búnir til að koma sínum eigin hugmyndum í framkvæmd. Sú þjálfun sem nemendur öðlast í náminu nýtist einnig víða annars staðar í atvinnulífinu, til dæmis í allri verkefnisstjórnun. Námið er því góður undirbúningur fyrir sýbreytilegan vinnumarkað sem gerir kröfur um sjálfstæð vinnubrögð og hugmyndaauðgi.

Í samstarfi við:

 **Háskólinn
á Akureyri**
University of Akureyri

 **Nýsköpunarmiðstöð
Íslands**

450 3040 | www.UWestfjords.is | nyskopun@UWestfjords.is

Nánari upplýsingar á www.UWestfjords.is

Rannsakar við gagnvart skemmm

Megan Anne O'Brien er fædd og uppalin í Milwaukee í Wisconsin í Bandaríkjunum. Hún er 24 ára gömul, fædd 1989 á ári Torgs hins himneska friðar í Kína (Tiananmen), innrásar Bandaríkjana í Panama, Exxon Valdez olíuslyssins í Alaska og endaloka Berlínarmúrins. Af þessu hafði Exxon Valdez mest áhrif á hana þar sem hún fór að lesa um atvikið fimm ára gömul og það gerði hana að umhverfis-sinna og vísindamanni. Sextán ára gömul hóf hún sitt fyrsta starf á vinnumarkaðnum sem tæknimaður á rannsóknastofu og síðan hefur hún unnið á fjórum öðrum slíkum. Annars er hún venjuleg stelpa sem hefur áhuga á öllu sem viðkemur vatni, sundi og sjósundi og kajak-

róðri og stundar nám í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða.

Marghátuð upplifun af Vestfjörðum

„Þegar ég kom hingað var ég viss um að ég hefði mislesið að á Ísafirði byggju 2.600 manns. Það er allt hér, þetta er eins og lítil borg. Eftir að hafa verið hér í eitt ár þori ég að halda því fram að þetta sé heimsborg. Það er svo mikið af afþreyingu og samfélagsviðburðum og allir hafa verið mjög elskulegir. Náttúran hér hefur heillað mig frá upphafi og heldur áfram að gera það. Í hvert sinn sem ég opna dyrnar taka fjöllin og fersk sjávargolan á móti mér. Þegar ég sest upp í bílinn og keyri um Vestfirði finnst mér landslagið dularfullt og fallegt í hvert sinn, en það er eitt sem stendur upp úr – fossar. Þeir eru út um allt og alveg stórkostlegir,“ segir Megan.

Hún segist aldrei hafa upplifað leiðinlegan dag, jafnvel þótt veðrið sé grátt og ský á himni. Það trúir henni enginn þegar hún segist hafa elskað veturinn, sem var reyndar hlýrri en á hennar heimaslóðum, og hún naut þess að fara á kajak og skíði í allan vetur.

„Ég var inni á köldustu dögnum og lærði að þrjóna með Lóu og síðan hef ég þrjónað fimm lopapeysur. Sumarið var ótrúlega skemmtilegt en ég get ekki beðið eftir að fara að spila blak með Skelli, taka þátt í gospelkórnum og róa kajakum hjá Sæfara. Ég kom upprunalega til Íslands á skólastyrk frá Fulbright sem lauk í maí en ég hef verið hér áfram því hér hef ég fundið dásamlegan lífsmáta og samfélag,“ segir Megan.

Hún segist hafa upplifað ótrúlega margt á þeim stutta tíma sem hún hefur verið á Vestfjörðum. Hún hefur meðal annars staðið á brún fiskeldiskvía og fóðrað fiskinn, sem hefði aldrei gerst í Bandaríkjunum að hennar

sögn. Það situr fast í minni hennar þegar strákarnir hjá Sæfara ákváðu að besta dagurinn til að velta sér á kajak á hafi úti var í stórhrið, og henni tókst það, en naumlega þó.

„Afmælisdagurinn minn í ár hlýtur að vera sá besti sem ég hef upplifað. Bekkurinn minn fór í vettvangsferð til að heimsækja fiskvinnslurnar Íslandssögu og Klofning á Suðureyri. Við fengum leiðsögn í gegnum allt og skoðuðum ferlið og lærðum um sjálfbærar hefðir bæjarins. Eftir það var okkur boðið upp á hádegismat á Talisman, þar sem við fengum að borða fiskinn sem við höfum séð flakaðan. Mér finnst ótrúlegt að allt nema blóðið úr fiskinum sé nýtt til framleiðslu. Í lok dagsins gáfu vinir mínir mér eyrnalokka úr roði, sem virtist vera fullkominn endir á frábærum degi,“ segir Megan, en hún deilir lífi sínu á Vestfjörðum á vinsælu bloggi með netslóðinni <http://fulbrighticeland.wordpress.com>.

Rannsóknir á genum myglu í vatni

Megan er með BA-gráðu í sjávarlíffræði frá Rhode Island háskóla en síðan tók hún gráðu í þróunarlíffræði og hefur rannsakað ásæknar tegundir eins og þörungum og Kyrrahafslax og lagt stund á erfðafræði. „Ég hef mest rannsakað gen myglu í vatni sem átt hefur sinn þátt í fisksjúkdómnum hvítblettaveiki og írsku kartöflu-hungursneyðinni. Þessi vatnsmygla hefur valdið gríðarlegu tjóni á hverju ári og við leituðum í genamengið til að sjá af hverju það er svona erfitt að stöðva þetta sníkjudýr.“

Megan fékk áhuga á samruna mannvísinda og sjávarvísinda í kennslustundum í auðlindastjórnun, sjálfbærri þróun og hagfræði. Mastersverkefni hennar í haf- og strandsvæðastjórnun er í senn áhugavert og krefjandi, að hennar sögn, en hún lítur alltaf á þessa kennslutíma

sem þá skemmtilegustu og athyglisverðustu og enn fremur langaði hana til að vinna með fólk og samfélög.

„Þrátt fyrir að mannkynið á heimsvísu haldi sífellt meira til við strendur eru fáir háskólar sem bjóða upp á haf-eða strandsvæðastjórnun. Google benti mér á Háskólasetur Vestfjarða. Áður en ég kom til Íslands hafði ég ferðast umtalsvert utan Bandaríkjanna en það var meira á hafi úti en þurru landi. Mér fannst ég vera að missa af menningunni svo ég ákvað að einhenda mér út í umhverfið, samfélagið og loftslagið á Íslandi,“ segir Megan.

Það besta við haf- og strandsvæðastjórnunina, að sögn hennar, er hversu námið hefur víkkað hjá henni sjóndeildarhringinn og heimssýnina. „Þetta er alþjóðlegt nám og ég veit að ég get tekið þennan lærdóm og aðferðir hvert sem er í heiminum. Ég er að sækja um hjá fjölmiðla-samfélagi þar sem ég get fengið að starfa við fréttablið, útvarp, sjónvarp og tímarit sem hafa það hlutverk að auka almennan skilning á vísindum og tækni með því að mennta vísindamenn til að vera hæfari að miðla flóknum hugmyndum til almennings.“

Langtímamarkmiðið er að taka þátt í samfélagi vísinda og menntunar, sérstaklega menntunar ungra barna, sem eru næsta kynslóð sem tekur við og viljug til að læra. Kannski get ég komið til baka á hverju ári sem gestaprófessor við Háskólasetur Vestfjarða. Ég fer heim um jólnin en kem aftur í útskriftina, en ég er enn að leita leiða til að vera á Vestfjörðum í lengri tíma.“

Skemmtiferðaskipin: Hvar eru þolmörkin?

Fyrir lokaverkefni sitt í haf- og strandsvæðastjórnun kann Megan hvort takmörk séu á fjölda skemmtiferðaskipa sem Ísafjarðarbær geti tekið við árlega. Hún fékk hugmyndina í nóvember þegar Muggi, yfirmaður Ísafjarðar-

hafna, deildi áhyggjum sínum af því að það væru takmörk fyrir getu bæjarins til að skapa jákvæða reynslu fyrir farþega skemmtiferðaskipa, en þau mörk séu ókunn.

„Nancy hjá Vesturferðum sagði að það gætu líka verið takmörk á því hversu margar ferðir þau gætu boðið upp á og Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar, taldi að almannapjónustu eins og salernum, ruslafötum, net-sambandi og gangstéttum væru einnig skorður settar. Við komumst að þeirri niðurstöðu að þörf væri á nákvæmum mati á þolmörkum bæjarins og íbúa hans til að skapa jákvæða upplifun farþega skemmtiferðaskipa og halda á sama tíma jákvæðu hugarfari gagnvart þjónustunni við þá. Það er vaxandi áhugi á áhrifum skemmtiferðaskipa á ferðapjónustu um allan heim en lítil gaumur gefinn að samfélagsáhrifum eða menningaráhrifum sem krefjast sjálfbærra stjórnunarháttanna.“

Megan vildi safna upplýsingum frá íbúum Ísafjarðarbæjar sem þekkja auðlindir svæðisins, horfa upp á breytingarnar og finna fyrir áhrifum skemmtiferðaskipanna. Hún ætlar að koma með tillögur að skipulagningu ferðapjónustunnar út frá þörfum heimamanna, gildum þeirra, eignum og takmörkunum, sem gætu hjálpað bæjaryfirvöldum að leiða þessa vaxandi atvinnugrein til velfarnaðar, hvort heldur samfélagslega eða efnahagslega eða hvað umhverfismál varðar.

Skiptar skoðanir

„Ég vissi að bæjarbúar hefðu skiptar skoðanir á skemmtiferðaskipunum. Á meðan flestir telja að Ísafjarðarbær græði á heimsknum þeirra er erfitt að segja hversu mikið og líka hvort hagnaðinum sé jafnt skipt á milli íbúanna. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar til að meta hugarfar íbúa gagnvart skemmti-

20. SEPT - 24. SEPT
★ **Ísafjarðarbið** ★
Elsta samfelld starfandi bið á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafjarðarbið skemmtun.is

20. SEPT KL 8
LAUGARDAG 21. SEPT KL 8

22. SEPT KL 3.1 3D

22. SEPT KL 8
23. SEPT KL 8
ÞRIÐJUDAG 24. SEPT KL 8

horf bæjarbúa tiferðaskipum

Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N
SEXTIU OG SEX NORÐUR

Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERID ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



**Öll almenn
húsasmíði**

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



URSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

TVISTURINN

2x18 lítra á sleða.
Mál: 31 x 46/36cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is



ferðaskipum og finna út sam-
eiginleg áhyggjuefni varð-
andi þess háttar ferðamenn-
sku, og þá hvað hægt sé að
gera í því, ef eitthvað. Ég
vonast til að komast að því
hvað leiðir til neikvæðs eða
jákvæðs viðhofs gagnvart
skipunum, hvort sem það er
hversu mikil samskipti fólk á
við gestina, hvar það býr og

vinnur eða hversu gamalt
það er. Ef það er einhver
almenn neikvæðni í gangi
er hægt að taka á því. Að
auki vil ég skoða mögulega
árekstra með því að heyra í
öðrum notendum hafnarinn-
ar, öðrum ferðapjónum og
fyrirtækjum í bænum," segir
Megan.

Hún hefur ekki enn greint

þær upplýsingar sem hún
hefur fengið en segist hafa
tekið eftir því að margir bæj-
arbúar hafa tekið sér tíma til
að skrifa ummæli í könnun-
inni. Hingað til hefur svörun
verið góð og fljót að berast,
en til að fá betri heildarmynd
á hlutunum væri gott að fá
fleiri viðbrögð, að hennar
sögn. – hordur@bb.is



Boltinn í beinni...

Fimmtudagur 19. september

kl. 17:00 Zulta - Wigan
kl. 17:00 Valencia - Swansea
kl. 19:00 Tottenham - Tromsø
kl. 19:00 Maccabi H. - AZ

Laugardagur 21. september

kl. 11:35 Norwich - Aston Villa
kl. 14:00 Liverpool - South.pt.
kl. 14:00 Newcastle - Hull
kl. 14:00 West Brom - Sunderland
kl. 14:00 West Ham - Everton
kl. 16:15 Chelsea - Fulham
kl. 18:00 Real M. - Getafe
kl. 20:00 Rayo V. - Barcelona

Sunnudagur 22. september

kl. 12:30 Arsenal - Stoke
kl. 15:00 Man City - Man. Utd.
kl. 15:00 Cardiff - Tottenham

Dagar Íslands

19. september 1939: Þýskur kaþbátur, U30, kom til Reykjavíkur með þrjá menn sem slasast höfðu í árás á brekkt flutningaskip vestur af Bretlandi. Þessi sami kaþbátur hafði sökkt breska farþegaskipinu Athenia rúmum hálfum mánuði fyrr, á fyrsta degi síðari heimstyrjaldarinnar.

20. september 1979: Flóttamenn frá Víetnam, 34 manns, komu til landsins. Þetta var stærsti flóttamannahópur sem hafði komið til landsins.

21. september 1963: Eiríkur Kristófersson skipherra var sæmdur æðstu orðu sem Bretar veita erlendum mönnum. Orðan var m.a. veitt fyrir björgun breskra sjómanna.

22. september 1992: Ólympíuleikum þroskaheftra, þeim fyrstu, lauk í Madrid. Íslenskt sundfólk hlaut 21. verðlaun.

23. september 1973: Fellibylurinn Ellen gekk yfir landið suðvestanvert. Veðrið olli miklu tjóni á húsum, bátum og bifreiðum í Reykjavík.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Sunnan- og suðvestan 5-13 m/s og skúrir en þurt á Norður- og Austurlandi. Hiði 3-9 stig.

Horfur á laugardag:

Útlit fyrir vaxandi austanátt með rigningu, einkum sunnan til á landinu. Hlýnar í veðri.

Horfur á sunnudag:

Hvöss sunnanátt og rigning en úrkomulífið NA-til. Víða fremur hlýtt í veðri.

Krossgátan

		Jón Steingr.	1	2	3	4	5	6	7	8
		→	↘	↙	Með	Tál	↘	Sam- stæðir	Starf	↘
		Viljuga			Angri				Einn	
		↘			2	Rykið				
		Vaninn				Maður				
		Fjá					8		Samhlj.	
Rýrna	↓	Festing						Tvíhlj.		
		Tuska						Heitu		
↘					Sjúkdómur			7		Skjóðan
					For Bjána Hás					
Deila					Oft þófi Eyktar- mark	5				
Bréfið										
↘							Þungi		Sérhlj.	
							Skriða		Sjóða Stéttar	
Öfugur tvíhlj.			Dugnað				Dvergur			
			Baldinn				Afi Vers			
Eink. st.		Vaxa Æðir			✓					
		495								
Ásjónu	↘					✓				
	Veiðar- feerinu								Skóli	
↘				6			Flytir	✓		
							Átt			
Sérhlj.		Tala		Við- frægja					✓	
Vinglas		Skelin		Pot						Endir
↘	4				Átt		Lands			
					Hata		Fyrstur			
Kepp Afhend- ing					1	✓				
			Gera gælur				Skaði			
↘			Átt				Átt			
Hitatæki									3	
Þar til Atar								Röð		

VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)



Lausn á síðustu krossgátu

		⌘					V		
	⇒	T	Æ	K	N	I	⇒	H	
		Ó	R	Ó	R	S	V	O	
		M	I	Ð		K	Æ	R	
	↓			S	E	N	U	H	A
S	T	R	Á	K	L	I	N	G	D
	R	Ó	S	I	N	N	I		T
	E	I		M	A	N		L	A
K	Y	N	N	I		I	Ð	A	P
	S		Æ	R	A	N		S	P
	T	A	P		S	K	E	K	A
L	I	F	U	R	K	Æ	T	A	O
A	R	T		E		T	A	R	Í
	⇒	E	K	K	I	⇒	N		V
F	Í	K	J	U	N	A	O	T	A
	L		Ö	N	N		L	E	N
K	L	Á	R	A	S	T		F	I

Sudoku þrautir

7		6						1
	4	8						9
			4	6				
	8			2	4			3
	7			8			6	
6			5	7			1	
				9	2			
	2					9	5	
9						3		4


	7	9					2	3
	8				3			
					9			7
	4	3	2				1	
6								4
	2				6	3	7	
4			5					
			7				5	
2	5					7	3	

Allt sem þú vilt vita um sparnað

Fimmtudaginn 19. september heldur Landsbankinn fjármálakvöld um sparnað í Landsbankanum á Hótel Ísafirði, Silfurtorgi kl. 17:30 – 18:30.

Sérfræðingar hjá Landsbankanum fjalla um mikilvægi sparnaðar, eðli sparnaðar og mögulegar sparnaðarleiðir. Kaffi og léttar veitingar á staðnum og allir velkomnir. Skráning á landsbankinn.is eða í síma 410 4000.

Magnús Lyngdal
Viðskiptavinur Landsbankans



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Vetur 2013/2014

SKÍÐAVEISLA Í AUSTURRÍKI OG ÞÝSKALANDI

- Nýjir frábærir áfangastaðir
- Fjölskylduvænt umhverfi
- Skemmtilegur þorpsandi
- Einstök borg
- Nánar á uu.is



DACHSTEIN WEST - ABTENAU

Nýr valkostur – fjölbreytt
skíðasvæði – gott verðlag!

18.-25. janúar, 7 nætur.

VERÐDÆMI:

95.900 KR*

m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Verð 111.680 kr. m.v. 2 fullorðna í stúdíó íbúð.

ZELL AM SEE

Einn vinsælasti skíðabær
Austurríkis

11.-18. janúar, 7 nætur.

VERÐDÆMI:

154.950 KR*

m.v. 2 fullorðna á Hotel Valdhof ****
í tvíbýli með hálfu fæði.



GARMISCH - PARTENKIRCHEN

Þekktasti skíðabær Þýskalands

26. janúar-2. febrúar, 7 nætur.

VERÐDÆMI:

133.330 KR*

m.v. 2 fullorðna og 2 börn á
Atlas Pos Hotel *** í íbúð með morgunmat.
Verð 145.800 kr. m.v. 2 fullorðna í íbúð með
morgunmat.

INNSBRUCK - AUSTURRÍKI

Skíði og borg – frábært verð

26. janúar-2. febrúar, 7 nætur.

VERÐDÆMI:

178.600 KR*

m.v. 2 fullorðna á Hotel Golden Krone ***
í tvíbýli. Skíðapassi innifalinn.

